



Umsögn

Efni: Tillaga um um systkinaafslátt vegna systkina með sitthvort lögheimilið

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Á fundi borgarráðs þann 7. nóvember 2019 lagði borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi tillögu:

„Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í borgarráði leggja til að gjaldskrár skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, fyrir leikskóla annars vegar og frístundaheimili og félagsmiðstöðvar hins vegar, verði breytt með þeim hætti að reglur um systkinaafslátt taki einnig til fjölskyldna þar sem systkini hafa sitthvort lögheimilið.“

Meðfylgjandi er eftirfarandi greinargerð með tillögunni:

Lagt er til að skóla- og frístundasvið komi til móts við fjölskyldur í nútímasamfélagi með breytingum á gjaldskrár. Það hefur færst í aukana að í kjölfar skilnaðar deili foreldrar forsjá barna sinna, og skipti jafnvel lögheimilum tveggja eða fleiri barna niður á tvö heimili, svo foreldraskyldur, en ekki síður barnabætur og meðlagsgreiðslur, deilist jafnt milli foreldra. Gjaldskrár skóla- og frístundaráðs taka ekki mið af þessum nýja veruleika og koma ekki til móts við foreldra sem leggja sig fram um að deila fjölskylduábyrgð í kjölfar skilnaðar. Því er lagt til að gjaldskrár taki breytingum svo systkini njóti áfram systkinaafsláttar eftir skilnað, jafnvel þó foreldrar skipti lögheimili barnanna á tvö heimili.“

Samkvæmt upplýsingum frá skóla- og frístundasviði (SFS) er systkinaafsláttur veittur á milli barna sem hafa sama lögheimili, og eru merkt undir saman fjölskyldunúmeri, burtséð frá því hvort þau eru skyld eða ekki. Afslátturinn reiknast sjálfkrafa og fer eftir skráningu og stöðu í Þjóðskrá hverju sinni. Það má því segja að um fjölskylduafslátt sé að ræða fremur en systkinaafslátt. SFS býr ekki yfir upplýsingum um systkini sem eru með sitt hvort lögheimilið enda er engin tenging á milli þeirra í Þjóðskrá. Þjóðskrá heldur ekki sérstaklega utan um þessi tilvik með skráningu né innritunarkerfi Völu sem notað er af grunn- og leikskólum Reykjavíkurborgar enda er söguskráning bönnuð samkvæmt persónuverndarlögum.

Ekki liggur fyrir mat á því hver yrðu kostnaðaráhrif tillögunnar, þ.e. þess að fjölga börnum sem rétt hefðu til afsláttar væri tillagan samþykkt eða kostnaðinn af því að breyta upplýsingakerfum eða afla upplýsinga um börn sem rétt hefðu til afsláttar. Skóla- og frístundsvið telur vandasamt að áætla kostnað við slíka aðgerð þar sem upplýsingar um umfangið liggja ekki fyrir. Til að koma tillögunni í framkvæmd þyrftu foreldrar að leggja inn umsókn um afslátt með barninu/börnunum sem skráð væru á annað lögheimili, framvísa gögnum til staðfestingar á skyldleika, þau gögn síðan sannreynd og afslátturinn yrði greiddur eftir á samkvæmt framlögðum gögnum. Þetta yrðu að vera handvirkar færslur hverju sinni þar sem engar opinberar skráningar eru til um þessi tilvik. Bent er á að mögulega geti persónuverndarlög komið í veg fyrir að haldið sé utan um slíkar skráningar og má ætla að slík framkvæmd yrði að vera grundvölluð á vali foreldris og samþykki fyrir slíkri vinnslu gagna og með sérstakri umsókn um systkinaafslátt.

Halldóra Káradóttir
sviðsstjóri